



**Forvarnastefna Garðabæjar
2014 - 2018**



GARÐABÆR



Forvarnir í Garðabæ

Mannréttinda- og forvarnanefnd Garðabæjar fylgir eftir stefnumótun og þróun forvarna í bæjarfélaginu. Nefndin sinnir forvörnum í bænum í víðum skilningi með sérstakri áherslu á að bæta uppeldisskilyrði og líðan barna og ungmenna.

Lögð er sérstök áhersla á varnir gegn tóbaks-, áfengis- og fíkniefnanotkun. Einnig að í Garðabæ sé skapað umhverfi sem stuðlar að heilbrigðu lífverni barna og ungmenna. Unnið sé gegn einelti. Sjálfmynd og sjálfstraust hjá börnum og unglingum sé eflað. Auk þess er áhersla á að bæta kynfræðslu og fræðslu gegn kynferðisofbeldi.

Hlutverk forvarnanefndar er að efla samvinnu og samstarf þvert á allar einingar bæjarins og vera til ráðgjafar og stuðnings þegar kemur að hvers kyns forvarnastarfi. Í því felst að vera stöðugt á verði, vera til aðstoðar, boða nýjar áherslur, og grípa inn með beinum hætti þegar bregðast þarf skjótt við. Nauðsynlegt er að allir sem koma með samskiptum við börn og unglinga séu vakandi fyrir hvers kyns áhættuhegðun svo að hægt sé að veita viðeigandi fræðslu og aðstoð.

Nefndin gefur út forvarnastefnu sem mikilvægt er að styðji við stefnur og starf bæjarins í skóla-, íþrótt- og tómstundamálum. Áhersla er lögð á að stefnan sé skýr, upplýsandi og hagnýt fyrir þá sem vinna að málefnum barna og ungmenna í Garðabæ. Endurskoðun á forvarnastefnu Garðabæjar er unnin með hliðsjón af reynslu og árangri og þeim samfélagsbreytingum sem orðið hafa undanfarin ár. Ljóst er að samvinna milli lykilaðila svo sem skóla, íþrótt- og tómstundafélaga og uppeldisaðila hefur skilað góðum árangri. Allt starf sem lýtur að börnum og ungmennum, svo sem innan skóla, foreldrafélaga/ráða og íþrótt- og æskulýðsfélaga er í grunninn forvarnastarf sem stöðugt stendur frammi fyrir því að aðstæður breytast hratt í flóknu, mannlegu og tæknilegu samfélagi.

Kannanir á högum og líðan barna og ungmenna í Garðabæ sýna að þeim líður almennt vel. Nær öll börn og ungmenni taka þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi og eru jákvæð í námi og leik.

Góður mælikvarði er að mjög mikið hefur dregið úr neyslu áfengis, tóbaks og fíkniefna hjá börnum og unglingum í efstu bekkjum grunnskóla. Má þakka það samstilltu átaki heimila og allra þeirra sem koma að vinnu að forvarnamálum.

Til að ná enn frekari árangri þarf sérstaklega að huga að þeim sem eru 16 ára og eldri. Efla þarf sjálfmynd þeirra og félagsfærni og hvetja til umræðu um jafnrétti og heilbrigða lífshætti. Vinna þarf markvisst gegn áhættuhegðun og brottfalli úr skóla, minnka neyslu tóbaks, áfengis og vímuefna hjá þessum aldurshópi. Aðstoða þarf ungmenni sem eiga erfitt uppdráttar að finna styrk sinn, hæfileika og áhugasvið.



Leiðarljós

Æskan sé án tóbaks, áfengis og annarra vímuefna

Sporna gegn hvers kyns vímuefnaneyslu ungmenna.

Sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum

Efla sjálfsvirðingu, sjálfstraust og virðingu barna og unglunga fyrir öðrum, sem forvörn gegn hverskonar áhættuhegðun.

Virgni og þátttaka

Virkja öll börn og ungmenni til þátttöku í samræmi við aldur og þroska og sporna gegn brottfalli nemenda úr námi og skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Sérstök áhersla verði lögð á þau ungmenni sem hvorki eru í skóla né vinnu.

Samfélag án ofbeldis

Unnið verði gegn hverskonar ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu sem og einelti.



Forvarnastefnan leggur áherslu á:

Að Garðabær sé fjölskylduvænt, heilsueflandi og öruggt samfélag

Lögð er áhersla á góða skóla og öflugt íþrótt- og tómstundastarf. Tryggt sé að öll börn og ungmenni hafi jöfn tækifæri og þau hvött til að tileinka sér heilbrigðan lífstíl.

Að efla foreldra í hlutverki sínu

Börn og unglingar eigi sem flestar uppbyggilegar og jákvæðar samverustundir með fjölskyldu sinni. Foreldrasamstarf sé áfram öflugt á vettvangi skóla og í félagsstarfi í bænum. Hugað verði sérstaklega að því að hvetja til aukinnar samstöðu foreldra 16-18 ára ungmenna.

Að innleiða Barnasáttmálann

Unnið verði að innleiðingu á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Garðabæ og þess gætt að réttindi barna séu virt í samræmi við sáttmálann. Öll börn búi við lýðræði og jafnrétti.

Að efla aðkomu barna og ungmenna að ákvörðunum

Að börn og ungmenni eigi kost á að hafa áhrif á ákvarðanatöku með formlegum hætti um helstu málefni sem þau varða.

Að nýta rannsóknir í forvarnavinnu

Áfram verði tekið þátt í rannsóknum á högum og líðan barna og ungmenna í bænum og niðurstöður þeirra verði nýttar til fræðslu og til þess að vinna viðbragðsáætlanir ef að þörf krefur.

Að eiga samvinnu um forvarnir á landsvísi

Áframhald verði á samvinnu við forvarnaaðila á landsvísi. Tekið verði þátt í verkefnum ríkis og sveitarfélaga og annarra öflugra aðila er vinna að forvarnamálum.

Að efla almenna lýðheilsu

Styðja við verkefni sem vinna að bættri almennri heilsu, m.a. á vegum Embættis landlæknis. Skoða sérstaklega skimun og úrræði fyrir ungt fólk.

Að auka netöryggi

Áfram verði samstarf við SAFT og aðra aðila um örugga netnotkun og unnið að því að koma fræðslu til barna, ungmenna og foreldra með skipulögðum hætti.



Að vinna gegn einelti

Uppræta einelti. Finna bestu fyrirbyggjandi lausnir gegn einelti. Auka samvinnu allra uppeldisaðila og auka þekkingu á forvörnum gegn einelti og vinna ötullega að því að uppræta einelti í skólum og í félagsstarfi í Garðabæ.

Að auka fræðslu um kynheilbrigði og sterka sjálfsmynd

Unnið verður með skólum að mótun heildstæðrar fræðsluáætlunar til nemenda um kynheilbrigði, jafnrétti, og sterka sjálfsmynd. Einnig verði samvinna við skóla um eflingu sjálfsmyndar og sjálfsöryggi nemenda og að stuðla að þroska þeirra án staðalímýnda.

Að standa fyrir fræðslu gegn vímuefnanotkun

Áfram verður öflug fræðsla um skaðsemi tóbaks, áfengis og annarra vímuefna. Nýjungar í forvörnum verði nýttar og fylgst með því hvernig megi bregðast við til þess að sporna við allri aukningu í neyslu vímuefna í bænum.

Að auka þátt sértækra forvarna

Skimað verður eftir áhættuþáttum meðal barna og ungmenna og viðeigandi fræðsla og stuðningur veittur eftir því sem við á. Sérhæfð þjónusta veitt þeim sem þarfnast sértækra úrræða.

Að efla sérstaklega forvarnir fyrir 16 ára og eldri

Auka þarf samstarf og fræðslu til foreldra 16-18 ára ungmenna. Hvatt er til aukins framboðs á skipulögðu frístundastarfi í bæjarfélaginu fyrir þennan aldurshóp.

Nauðsynlegt er að vinna sérstaklega gegn neyslu tóbaks, áfengis- og vímuefna hjá aldurshópnum og styðja þá sem velja að neyta ekki tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.

Settar verði fram aðgerðir til að bregðast við áhættuhegðun og vanvirkni ungs fólks. Ráðgjöf sé til staðar fyrir einstaklinga sem hyggjast hætta námi og þeim veittur stuðningur við að setja sér framtíðarmarkmið.

Öllum ungmennum sé tryggð sumarvinna í bæjarfélaginu.

Að eiga gott samstarf við lögreglu

Öflugt samstarf við lögreglu er lýtur að forvarnamálefnum barna og ungmenna eins og útivistartíma, slysavörnum og vinnu gegn afbrotum.

Veita og þiggja upplýsingar. Halda áfram að byggja upp öruggt samfélag.

Forvarnastefna Garðabæjar samþykkt í mannréttinda- og forvarnanefnd 28. janúar 2015 og bæjarstjórn Garðabæjar 19. febrúar 2015.



GARÐABÆR